

## **Fundargerð 29. fundar flugvirkarráðs**

Fundur haldinn í flugvirkarráði, þriðjudaginn 7. júlí 2020 kl. 13:00 – 15:00 hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og á Teams.

*Viðstaddir: Friðfinnur Skaftason (FS) samgönguráðuneyti, Halla S. Sigurðardóttir (HSS) Samgöngustofu, Sólveig Þorsteinsdóttir (SP) frá Isavia, Þorvarður Kári Ólafsson (ÞKÓ) frá Þjóðskrá, Valur Kristinsson (VK) frá Tollgæslu, Þorvaldur Þórðarson (ÞÞ) frá MAST, Ólafur Helgi Kjartansson (OHK) Lögr. Suðurnesjum, Alda Karen Svavarsdóttir (AKS) frá Útlendingastofnun, og Guðbjörg Rósa Ragnarsdóttir frá Ríkislögreglustjóra.*

*Fjarverandi: Þórólfur Guðnason (ÞG) sóttvarnalæknir, Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir (GSR), Júlía Þorvaldsdóttir (JP), og Jón F. Bjartmarz (JFB).*

Fyrir liggur dagskrártillaga:

1. Dagskrá.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Covid-19 staðan tekin - fulltrúar gera grein fyrir stöðunni og áskorunum.
4. Önnur mál.
5. Næsti fundur.

Fram kemur að ÞG hafi boðað forföll sem hafi umtalsverð áhrif á framgang fundarins. Einnig kemur fram að ritari er forfallaður.

1. Dagskrá er samþykkt.

2. Fundargerð síðasta fundar er samþykkt.

3. Covid-19 staðan er tekin.

Farið er hringinn og fulltrúar í ráðinu gera grein fyrir stöðunni og áskorunum sem að þeirra stofnunum snýr.

4. Önnur mál eru ekki rædd.

5. Ákveðið var að næsti fundur yrði boðaður síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

FS og HSS rita fundargerð.